

Alþingi  
Erindi nr. P 140/725  
komudagur 7.12.2011



Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda  
Association of Icelandic Film Producers

Nefndarsvið Alþingis  
nefndarsvid@althingi.is  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2011  
Tilv. 306. mál


**Efni: Umsögn um þingskjal 357 – 306 mál – Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. (framlenging á tímabundnum endurgreiðslum).**

Í framhaldi af tölvupósti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn SÍK um þingskjal 357 – 306. mál þá vill SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda koma eftirfarandi á framfæri:

1. SÍK fagnar framkomnu frumvarpi um framlengingu á tímabundnum endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar. Þessar endurgreiðslur eru eitt af lykilatriðum þess að hér hefur á undanförunum árum byggst upp öflugur og faglegur hópur kvikmyndagerðarfólks sem fær nær einróma lof innlendra og erlendra kvikmyndaframleiðenda fyrir fagleg og fumlauis vinnubrögð við ólíklegustu aðstæður. Í ljósi þess mikla niðurskurðar sem kvikmyndagerðin varð fyrir árið 2010 þegar skorið var niður um 35% frá þáverandi samningi, hafa þessar endurgreiðslur reynst kröftugt haldreipi fyrir iðnaðinn og verða áfram einn af lykilþáttum þess að hér byggist áfram upp öflugur iðnaður sem hefur einstaklega þrautseigju og skapar hér um 700 störf árlega.
2. SÍK þykir jafnframt rétt að benda á afdráttarlausar niðurstöður úr bók Dr. Ágústar Einarssonar, „Hagræn áhrif kvikmyndaframlengingar“ sem kom út í haust þar sem hann sýnir fram á að hver króna sem hið opinbera leggur í kvikmyndagerð skilar sé fimmföld til baka í ríkissjóð. Það er því fagnaðarefni að við framlengingu laganna geti ríkissjóður séð fram á margföldun á framlagi sínu í formi aukinnar tekna.

Með bestu kveðju,

f.h. hönd SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



Hilmar Sigurðsson  
ritari SÍK  
[secretary@producers.is](mailto:secretary@producers.is)